

Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga 19. apríl, kl 11.30
Haldinn á skrifstofu FV.

Fundur í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn á skrifstofu FV á Ísafirði. Mætt voru Friðbjörg Matthíasdóttir, formaður, Daníel Jakobsson, Ingibjörg Emilsdóttir, Pétur G Markan og Sigurður Hreinsson. Einnig sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri sem einnig ritaði fundargerð.

1. Fundargerð stjórnarfundar 21. mars 2016
2. Fjárhagsmál FV.
 - a. Ársreikningur FV 2015
 - b. Kjaramál
 - i. Kjarasamningsumboð
 - ii. Kjarasamningur BHM og SNS
 - iii. Launamál starfsmanna
 - c. Fjárhagsáætlanir 2016 og 2017
3. 61. Fjórðungsþing Vestfirðinga
 - a. Boðun þingsins
 - b. Dagskrá
 - c. Kosningar og nefndastarf.
4. Samráðsfundur sveitarfélaga á Vestfjörðum
 - a. Dagskrá
5. Sóknaráætlun Vestfjarða
 - a. Fundargerð samráðsvettvangs SV, 6. apríl 2016
 - b. Fundur stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál og LHSS, 11. apríl 2016
6. Fundargerð samgöngunefndar 5. apríl 2016
7. Önnur mál
 - a. Ályktun Ferðamálasamtaka Vestfjarða um fiskeldi

Gengið til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar 21. mars 2016
Fundargerð áður kynnt í tölvupósti en nú lögð fram til staðfestingar. Fundargerð samþykkt.
2. Fjárhagsmál FV.
 - a. Ársreikningur FV 2015
Mættur til fundar Guðmundur E Kjartansson, endurskoðandi.
Framkvæmdastjóri lagði fram drög að ársreikningi fyrir árið 2015. Rekstartekjur nema 242,8 mkr, rekstargjöld 240,7 mkr, rekstarafkoma fyrir fjármunaútgjöld 2,1 mkr, rekstarafkoma 3,7. mkr. Eignir nema 120,4 mkr, skuldir 88,7 mkr, eigi fé 31,7 mkr.

Guðmundur fór yfir niðurstöðutölur ársreiknings 2015, sjóðstreymi, skýringar og sundurliðanir. Formaður gerði tillögu um skýrslu stjórnar. Tillagan samþykkt og stjórn og framkvæmdastjóri staðfestu ársreikning með undirritun sinni.

- b. Kjaramál
 - i. Kjarasamningsumboð

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu um að FV gæfi samningsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga umboð til að fara með gerð kjarasamnings við stéttarfélög fyrir hönd FV. Tillagan samþykkt.

ii. Kjarasamningur BHM og SNS

Lagðir fram kjarasamningar SNS við stéttarfélög BHM, samningarnir hafa verið samþykktir af félagsmönnum og bíða nú samþykkis stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

iii. Launamál starfsmanna

Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað um launakjör framkvæmdastjóra með vísan til nýs kjarasamnings BHM við SNS. Einnig fylgir beiðni um námsleyfi á grundvelli ákvæða ráðningarsamnings. Spurst var fyrir um starfskjör annarra starfsmanna og vísaði framkvæmdastjóri til samþykktar stjórnar frá 10. september 2015 um þau mál.

Framkvæmdastjóri vék af fundi.

Rætt um efni máls, formaður gerði eftirfarandi tillögu.

Launakjör framkvæmdastjóra verði samþykkt samkvæmt minniblaði. Stjórn tekur jákvætt í óskir framkvæmdastjóra um námsleyfi, en kallar eftir frekari áætlun um tilhögun skrifstofu FV á meðan leyfi stendur.

Framkvæmdastjóri kom að nýju til fundar.

c. Fjárhagsáætlanir 2016 og 2017

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu að endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 og fjárhagsáætlun fyrir árið 2017, sem lagðar verði fyrir 61. Fjórðungsþing Vestfirðinga. Framkvæmdastjóra falið að vinna efni tillögu í ljósi umræðu á fundinum og leggja að nýju fyrir stjórn.

Daníel Jakobsson, vék af fundi.

3. 61. Fjórðungsþing Vestfirðinga

Mætt til fundar Lína Björg Tryggvadóttir, verkefnastjóri.

a. Boðun þingsins

Bréf vegna boðun þingsins var sent aðildarsveitarfélögum og gestum þann apríl s.l.. Farið yfir skipulag þingsins og kynningu þess.

b. Dagskrá

Lögð fram dagskrá þingsins.

Samkvæmt samþykktum er dagskrá Fjórðungsþings sem hér segir;

1. Skýrsla stjórnar og rekstareininga, sem FV ber ábyrgð á.
2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðenda FV og rekstareininga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á.
3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og ákvörðun um árstíllag.
4. Kosning stjórnar og varastjórnar og kosning formanns, nema á kosningarári til sveitarstjórna, en þá er kosningu frestað til haustþings.
5. Kosning í fastanefndir, nema á kosningarári til sveitarstjórna, en þá er kosningu frestað til haustþings.

6. Laun og þóknun til stjórnar og nefnda.
7. Kosning endurskoðanda eða endurskoðendafyrirtækis.
8. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis.
tillaga að ræða skipulag FV, verkefni þess.
9. Önnur mál löglega fram borin.

c. Kosningar og nefndastarf.

Samkvæmt 4., 5., og 7. lið 8. gr samþykktar FV skal kjósa til stjórnar, formanns, varastjórnar og fastanefnda á tveggja ára fresti.

Formaður gerði tillögu um að kallað verði eftir tilnefningu sveitarfélaga í kjörnefnd þingsins og hún tók þegar til starfa. Tillagan samþykkt.

4. Samráðsfundur sveitarfélaga á Vestfjörðum

a. Dagskrá

Kynnt dagskrá 2. samráðsfundar sveitarfélaga á Vestfjörðum

1. Undirbúningur 61. Fjórðungsþings Vestfirðinga
2. Undirbúningur ársfundar Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks
3. Staða mála með Vestfjarðanefnd
4. Önnur mál

5. Sóknaráætlun Vestfjarða (SV)

a. Fundargerð framkvæmdaráð samráðsvettvangs SV, 6. apríl 2016

Lögð fram til kynningar fundargerð framkvæmdaráð samráðsvettvangs SV. Á fundinum voru samþykktar tillögur að áhersluverkefnum samkvæmt tillögu stjórnar FV frá 15. febrúar s.l.. Tillögurnar voru síðan staðfestar af stýrihóp stjórnarráðsins um byggðamál þann 12. apríl s.l.. Tillögurnar eru því endanlega staðfestar og hrinda má þeim í framkvæmd. Þær eru;

	Heiti verkefnis	Framkvæmd	Heildarkostn.	Tillaga vegna 2016	Tillaga vegna 2016-2018	Fjöldi ára
1	Visit Westfjords	Fjórðungssamband -Markaðsstofa Vestfjarða	40.800.000	5.800.000	17.400.000	3
2	InWest	Atvest	30.000.000	3.800.000	11.400.000	3
3	Umhverfissvottaðir Vestfirðir	Fjórðungssamband	7.500.000	2.200.000	4.400.000	2
4	Gegnumsláttur 2019	Fjórðungssamband	2.000.000	800.000	800.000	1
5	Vestfirðir altengdir	Sveitarfélög á Vestfjörðum / Fjórðungssamband	4.500.000	1.350.000	4.050.000	3
6	Þróunarsetur á Vestfjörðum	Atvest	12.000.000	3.550.000	10.650.000	3
7	Jarðavarmi á Vestfjörðum	Atvest, Strandabyggð og Reykhólahreppur	16.400.000	2.200.000	6.600.000	3
8	Rannsóknaklasi	Háskólasetur Vestfjarða	1.420.000	300.000	600.000	2
9	Aftur heim! til Vestfjarða (*)	Fjórðungssamband Menningarsvið	5.000.000	2.500.000	5.000.000	2
10	Kortlagning menningar og skapandi greina (*)	Fjórðungssamband Menningarsvið	2.500.000	2.500.000	2.500.000	1

	(* Verkefnið er fjármagnað af uppsöfnuðu fjármagni menningarráðs		122.120.000	25.000.000	65.600.000	
--	--	--	-------------	------------	------------	--

b. Fundur stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál og LHSS, 11. apríl 2016
Kynnt fundarboð stýrihóps, á dagskrá eru.

1. Sóknaráætlanir, áhersluverkefni og uppbyggingarsjóðir.
2. Árlegar greinargerðir.
3. Önnur mál.

Framkvæmdastjóri og menningarfulltrúi munu sækja fundinn fyrir hönd FV.

6. Fundargerð samgöngunefndar 5. apríl 2016

Fundargerð lögð fram til kynningar. Á fundinum var unnið að umsögn um þingsályktun að samgönguáætlun 2015-2018 samkvæmt þingskjali 638, sem lagt fram þann 18. mars s.l., en bíður framsögu innanríkisráðherra. Óskað hefur verið umsagnar sveitarfélaga varðandi hafnarmál við undirbúning umsagnarinnar.

Upplýst að innanríkisráðherra flytur málið á Alþingi nú í dag 19. apríl. Stjórn FV felur samgöngunefnd ljúka við umsögn og leggja fyrir stjórn FV.

7. Önnur mál

- a. Ályktun Ferðamálasamtaka Vestfjarða um fiskeldi

Kynnt ályktun Ferðamálasamtaka Vestfjarða um fiskeldi á Vestfjörðum Vestfjarða sem send var FV þann 12. apríl s.l..

Kynnt samþykkt stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 18. mars 2016 varðandi frumvarpsvinnu um haf og strandsvæði.

Stjórn FV tekur undir samþykkt stjórnar Sambandsins og skorar á stjórnvöld að koma á móts við sjónarmið sveitarfélaga í málinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 13.45